


„Mig dreymir stóra og fagra drauma...!“



## Brautryðjandinn Þórhallur Bjarnarson

Hinn frjálsslyndi ritstjóri og útgefandi, kennari og skólamaður, alþingismaður og búnaðarfrömuður, Þórhallur Bjarnarson, var biskup landsins 1908-1916. Í ævisögu hans, sem kemur út 23. október, n.k. er kynntur til sögu sá Íslendingur sem umfram marga aðra rís undir sæmdarheitinu **brautryðjandi**.

Ævisaga Þórhalls Bjarnarsonar (1855-1916) spannar spennandi tímabil í sögu íslenskrar þjóðar, frá gamla bændasamfélaginu í ánaud til frjálshuga borgaralegs þjóðfélags á mótunarskeiði og gefur hún góða mynd af mannlífi og þjóðfélagsþróun á Íslandi. Ungur naut Þórhallur atlætis Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn – og sjálfur var hann gæfusmiður margra manna. Af einstakri ljúfmennsku aflaði hann sér vinsælda á unga aldri og þótti snemma líklegur til forystu í íslensku þjóðfélagi.

Þórhallur Bjarnarson átti óvenju athafnasama ævi á mörgum sviðum mannlífsins. Hann var bæjarfulltrúi í Reykjavík, þingmaður Borgfirðinga í ein fimmtán ár og kom að málefnum

landbúnaðar af lífi og sál. Hann var einn helsti hvatamaður að stofnun Búnaðarfélags Íslands og var víða í forystu hvers konar framfara á Íslandi. Hann hafði samskipti við Íslendinga í Vesturheimi og jafnréttishreyfingar kvenna heimafyrir. Innan kirkjunnar var maður nýrra tíma, í starfsháttum og nýskipan. Hann var frumkvöðull í garðyrkju og skógrækt í Reykjavík.

Fyrir aldamótin flutti hann ræðu þar sem sagði:

Mig dreymir stóra og fagra drauma um Víkina mína. Ég sé í anda holt og mýrar orðin að skrudgrænum túnum; ég sé tré og blóm prýða reitina í kringum húsin, smá og stór; ... ég sé nýja krafta vinnandi og þjónandi nýrri menningu; og ég sé það sem mest er í varið, nýtt fólk með nýju lífi ...

Þótt Þórhallur ætti heima í félagi höfðingja á Íslandi, var hann samt frá öndverðu maður alþýðunnar. Þórhalli fannst ekkert eðlilegra en hefja daginn í biskupstíð sinni með því að klæðast samfestingi og ganga til verka á búi sínu, Laufási í Reykjavík – áður en hann hafði fataskipti til að sinna störfum biskups. Hann vann alla tíð að alþýðumenntun á Íslandi og var laus við allan yfirstéttarhroka. Þórhallur var landskunnur fyrir eftirminnileg ummæli bæði í ræðu og riti. „Öll erum við börn og langar að fara á bíó“, skrifaði hann í umsögn um bók (1915) þar sem hann fannst skorta að brugðið væri upp myndum í frásögn.

Þórhallur var maður friðar og málamiðlana. Hann var alþýðuhollur foringi og heimili hans fóstraði þær félagsmálhreyfingar sem einna helst mótuðu íslenska þjóðfélagið á öndverðri tuttugustu öld. Hvarvetna var Þórhall að finna á brautum uppbyggingar á Íslandi og hugur hans og hjarta svo heitt að á framfaravegi sló helgiljóma. Honum fannst sem hann gengi um gullna hliðið þegar sólin varpaði geislum sínum á símastrengi sem var verið að setja upp 1906. Hann horfði á tækniundur tuttugustu aldar „með helgiritring í hjarta“ og ruddi brautina fyrir nýja atvinnuhætti og mannlega reisin.

Líf hans var einnig fullt af framkvæmdum og ævintýrum, hamingju og gleði. Hann fór í gegnum það af einstakri athafnasemi, á ótrúlega mörgum sviðum – lífsgleði sem að lesendur vonandi skynja af lestri bókarinnar. Hann rækti vináttu og bréfsamskipti við hunduð manna um land allt og hann var mikill fjölskyldumaður. Börn hans urðu snemma landskunn fyrir störf sín, en Þórhallur tókst einnig á við sorgir í lífi sínu. Líf hans var dramatískt frá öndverðu til enda.

Óskar Guðmundsson rithöfundur hefur náð að fanga sögu merkilegs fólks í þessari bók og spegla ótrúlega tíma á sköpunarskeiði samfélags á Íslandi. Frásögnin er er myndræn og lífleg og bókin jafnframt því að vera fróðleg, afar skemmtileg aflestrar.